



Hengill Ultra fór fram í Hveragerði um síðustu helgi þar sem fjöldi fólks tók þátt í hinum ýmsu vegalengdum. Mari Jaersk hlaupadrottning var í stuði í rásmarkinu Myndasýrpu frá hlaupinu má finna í blaðinu. Ljósmynd: Dagskráin/EHJ.

Þingmói og Þingbrú fyrstu götuheitin í nýrri íbúðarbyggð

Flóahreppur veitti verðlaun fyrir vinningstillögur í samkeppni um nöfn í nýrri íbúðarbyggð á hátíðinni Fjör í Flóa sem fram fór á dögunum. Sveitarstjórn ákvað í vor að efna til nafnasamkeppni á tveimur götum í nýrri íbúðarbyggð við Þingborg. Byggðin mun liggja meðfram Volanum sem liggur austan megin við fyrirhugaða byggð. Svæðið hefur verið skilgreint sem íbúðarbyggð í aðalskipulagi frá því aðalskipulag Hraungerðishrepps fyrir árin 2003-2015 var unnið.

Gert er ráð fyrir um 60 íbúðum í núverandi skipulagi og

verða lóðir í boði fyrir raðhús, parhús og einbýlishús. „Við finnum fyrir miklum áhuga á svæðinu enda örstutt í alla innviði svo sem greiðar samgöngur, leikskóla og grunnskóla,“ segir í tilkynningu frá sveitarfélaginu.

Alls bárust 19 tillögur um hvora götu í nafnasamkeppninni. Sveitarstjórn óskaði eftir aðilum úr hópi íbúa 60 ára og eldri til að fara yfir tillögurnar og skilaði hópurinn þremur tillögum um hvora götu til sveitarstjórnar.

Vinningshafar í nafnasamkeppninni eru þær Sigurbjörg K. Óskarsdóttir og Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir.

Sigurbjörg skilaði inn tillögunni Þingmói fyrir götu sem liggur í langri skeifu í byggðinni. Nafnið passar vel enda byggðin umkringd móa og í nafninu felst tenging við Þingborg.

Hallfríður Ósk skilaði inn tillögunni Þingbrú og mun stutt gata sem tengir byggðina saman í miðjunni hljóta það nafn og segja má að stutta gatan sé eins konar brú í miðri byggðinni.

Í verðlaun hlutu þær plöntur frá gróðrastöðinni Kjarri, viðurkenningarskjal og glæsilegan vasa frá listakonunni Fanndísi á Brúnastöðum.



Sigurbjörg og Hallfríður taka við verðlaununum. Ljósmynd: Flóahreppur.

Fáðu fagmann í verkið

 Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2024



PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

NÝR TOYOTA PROACE



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi

Gáfu gjafir fyrir rúmar 22 milljónir árið 2024

Ársfundur Sambands sunn-
lenskra kvenna fór fram í
Þingborg 26. apríl sl. í umsjón
kvenfélaga Hraungerðishrepps
og Gaulverjabæjarhrepps.

Á fundinum fengum við
mjög áhugaverðan fyrirlestur
um einsemd og einmanaleika
frá Aðalbjörgu Stefaníu Helga-
dóttur hjúkrunarfræðingi og
doktorsnema. Hún hefur skrifað
bókina Einmana og las fyrir
okkur valda kafla úr bókinni.
Einsemd og einmanaleiki eru
ekki sýnileg, en við hvetjum

alla til að horfa sér nær og at-
huga hvort ekki sé einhver sem
við getum hlúð að, með góðri
nærveru. Ritari Kvenfélagasam-
bands Íslands heimsótti einnig
fundinn og vakti athygli á að KÍ
hefur valið vikuna 3.-10. októ-
ber sem viku einmanaleikans og
mun verða dagskrá helguð þessu
sérstaklega þá viku.

Á ársfundinum varð breyting
á stjórn en Jóhanna Lilja Þrúð-
marsdóttir, Kv. Sigurvon, hefur
starfað í stjórn í níu ár sem er
hámarksseta í stjórn skv. lögum

SSK. Við starfi ritara tók Ragn-
hildur Ragnarsdóttir í Kv.
Einingu í Holtum. Aðrar konur
í stjórn eru Sólveig Þórðardóttir
formaður, sem er í Kv. Vill-
ingaholtshrepps, Andrea Rafnar
gjaldkeri sem er í Kv. Bisk-
upstungna og í varastjórn eru
Jórunn Helena Jónsdóttir, Kv.
Selfoss, Margrét Guðjónsdóttir,
Kv. Einingu í Hvollhreppi og
Arndís Fannberg, Kv. Einingu
í Holtum.

SSK hefur verið með í undir-
búningi að skrifa sögu SSK, en
árið 1978 var gefin út bókinn
Gengnar slóðir, saga SSK fyrstu
50 árin. Nú hefur verið skipað í
ritstjórn og ráðinn ritstjóri sem
mun hafa með höndum að afla
gagna í bókina sem mun ná yfir
árin frá 1979 til 2028, þegar
SSK verður 100 ára og mun
bókin koma út það ár.

Það er kvenfélag í hverri
sveit og því ætti að vera auðvelt
fyrir konur að koma og kynna
sér starfið og ganga í raðir þess-
ara frábæru kvenna. Í kven-
félögunum er unnin fjölbreytt
vinna, alls konar fróðleikur og
skemmtun í boði og því um að
gera að drífa sig í kvenfélag.



Ný stjórn SSK. Frá vinstri: Arndís Fannberg, Jórunn Helena Jónsdóttir, Margrét Guðjónsdóttir, allar í varastjórn. Sólveig Þórðardóttir formaður, Ragnhildur Ragnarsdóttir ritari og Andrea Rafnar gjaldkeri.

Vinnustundir kvenfélagskvenna,
sem voru 864 og stjórnar SSK
árið 2024, voru 14.300 eða
1.788 dagsverk. Gjafir frá SSK
til HSU, sem safnað er með
sölu gjafakorta voru 2.488.335
krónur, aðrar gjafir voru að upp-
hæð 100.000 krónur, en gjafir
frá kvenfélögunum til líknar-
mála voru 16.353.720 krónur, til
menntamála 1.906.047 krónur
og í menningarmál 1.167.478
krónur, eða alls 19.427.245
krónur. Heildargjafir frá SSK og

kvenfélögunum árið 2024 voru
því 22.015.580 krónur, og sést
á þessu hve mikils virði kven-
félögin eru fyrir nærsamfélagið
á hverjum stað. Við erum enda-
laust þakklátar fyrir þessar
óeigingjörnu kvenfélagskonur
sem alltaf eru tilbúnar að rétta
hjálpahönd þar sem þarf.

Sólveig Þórðardóttir,
formaður Sambands sunn-
lenskra kvenna.



Landsþingi KÍ á Ísafirði í október 2024

Ljósmynd: Silla Páls.

Kæru ættingjar og vinir,

Í tilefni þess að ég verð 80. ára þann 15 júní nk
langar mig til að bjóða ykkur að gleðjast með
mér þann sama dag á Hótel Grímsborgum á
milli
kl 13:00-16:00.

Kaffi og léttar veitingar
verða í boði.

Ég hlakka til að taka
á móti ykkur,

Pétur Ottósson
Stað 2, Ölfusi.



Eitthvað fyrir alla á bæjarhátíðinni Upp í sveit

Sveitahátíðin Upp í sveit fer
fram um helgina í Skeiða-
og Gnúpverjahreppi. Fjölbreytt
dagskrá verður í boði fyrir alla
aldurshópa. Hátíðin hefst á
föstudaginn 13. júní og stendur
fram á sunnudag.

Stormsveitin mætir á föstudeginum

Stormsveitin mætir á svæðið
á föstudeginum í góðum gir
með söng, slögur og almenn
huggulegheit. Uppáhaldslög
kórmanna verða flutt en efnis-
skráin samanstendur af dægur-
lögum og þjóðlegum lögum frá
síðustu 50 árum. Einnig stíga
kórmenn fram og segja sögur
af sér og öðrum. Tónleikarnir
hefst klukkan 20.

Úr nægu að velja á laugardegnum

Laugardagurinn byrjar með
froðu og fjöri, þegar klassíska
froðurennibrautin opnar kl. 11
og gestum býðst frítt í Neslaug
í kjölfarið.

Frá kl. 11-17 verður hoppu-
kastalasvæði og sérstök rallý-
hjólabraut fyrir þau yngstu.
Börn eru hvött til að koma með
eigin hjól, prírhjól eða traktora
og prófa skemmtilega þrauta-
braut.

Handverksmarkaður verður
opinn í Árnesi frá kl. 12-16, þar
sem fjölbreytt heimagerð vara

verður til sölu. Á sama tíma
stendur yfir málverkasýning
Sigurlínar Grímsdóttur frá Vot-
umýri. Sigurlín, sem bjó að bú-
störfum í Skeiðahreppi í 45 ár,
sýnir verk sem endurspegla líf
hennar og umhverfi – dýr, fólk
og land.

Klukkan 13.30 verður kassa-
bílarallý, þar sem bæði heima-
gerðir og lánaðir bílar þjóta um
brautina. Kl. 14.30 taka trakt-
orar við sviðinu þegar Oddgeir
Eiríksson og Atli Eggertsson
stýra traktorafimibraut sem lof-
ar bæði tilþrifum og keppnis-
skapi.

Skógarævintýri og söngur undir berum himni á sunnudeginum

Sunnudagurinn 15. júní hefst
með fjölskylduratleik í Þjórsár-
dal frá kl. 11-12, þar sem Guð-

mundur Finnbogason, nýráðinn
skólastjóri Þjórsárskóla, leiðir
ævintýri í skóginum. Að lokn-
um leik bíða grillaðar pylsur í
boði Rauðukamba.

Eftir hádegi verður opið hús
í Þjóðveldisbænum frá kl. 13-
17, og kl. 14.00 verður sérstök
smalahundasýning í Skaftholts-
réttum þar sem Smalahunda-
deild Árnessýslu sýnir afkrastur
vetraræfinga.

Hátíðinni lýkur með tónleik-
um kl. 20 á Lómsstöðum undir
yfirskriftinni „Enn syngur vor-
nóttin“. Fimmtán leynigestir úr
sveitinni stíga á stökk og flytja
perlur úr íslenskri og erlendri
tónlist. Gestum er velkomið að
mæta riðandi – en bent er á að
engar veitingar eru til sölu, og
því ber hver ábyrgð á sínum
nestispoka.



Ljósmynd: Þorsteinn Ólafsson.

Framhalds-aðalfundur Kaupfélag Árnesinga



boðar til framhalds-aðalfundar í Framsóknar-
húsinu Eyraey 15 2.hæð, á Selfossi

Þriðjudaginn 24. júní 2025 og
hefst fundurinn kl 14:00

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf
samkv. samþykktum félagsins.

Stjórn Kaupfélags Árnesinga



**NÆSTU
ÚTGÁFUR**

Fimmtudagur
19. Júní

Auglýsingaskil
fyrir hádegi 16. Júní

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Vinna við vélar og viðhald

Við leitum að iðnmenntaðri og/eða handlaginni manneskju í framtíðarstarf í viðhaldsdeildinni í Þorlákshöfn.



Urðarhvarf 8b
203 Kópavogur
Iceland
Sími +354) 518 8000
firstwater.is

Nánari upplýsingar má finna inn á jobs.50skills.com/firstwater/is.

Glæsileg vortónleikaröð og skólaslit Tónskóla Mýrdalshrepps

Vortónleikaröð Tónskóla Mýrdalshrepps hófst með glæsibrag á vorhátíðinni Vor í Vík með tónleikum Kammerkórs Tónskólans í Víkurkirkju á sumardegnum fyrsta. Á efnis-skránni voru fjölmörg skemmtileg lög, erlend og íslensk, allt frá Óðurinn til gleðinnar eftir Ludwig Van Beethoven til We will rock you eftir Queen eða Ó, blessuð vertu sumarsól. Á tónleikunum komu fram fleiri en þrjátíu tónlistarnemendur og voru þeir vel sóttir. Tónskólinn var áberandi á þessu ári á hátíðinni Vor í Vík. Vortónleikar voru í Icewear, Súpufélaginu, Hjallatúni og Leikskálum og alls staðar var ríkjandi tónlistargleði.

1. maí söng Kammerkórinn á tónleikunum með Sinfóníu-hljómsveit Íslands undir stjórn Evu Ollikanien og var það ógleymanlegt að sögn Alex-öndru Chernyshovu tónskóla-stjóra. „Það má sannarlega segja að Kammerkór Tónskólans og Sinfóníuhljómsveit Íslands hafi sungið sig inn í hjarta Mýr-



dælinga á þessum tónleikum. Flutningur á laginu Ave Maria eftir Sigvalda Kaldalóns verður lengi í minningu áhorfenda,“ segir hún einnig.

8. maí tók Tónskólinn á móti 52 manna ungmenntahljómsveit frá Westmont College undir stjórn Dr. Ruth Lin. Það var viðburður á vegum Tónklúbbsins N.11. „Það var frábær stemmning í salnum, margar forvitnilegar spurningar og skemmtileg hljóðfærakynning hjá hljómsveitinni. Eftirminningarlegur

var flutningur af laginu úr Star Wars eftir John Williams.“ Í lok dagskrárinnar söng Alexandra Chernyshova og dansaði Viki-vaki úr frumsömdu óperunni „Skáldið og Biskupsdóttirin“ og bauð erlendum gestunum að dansa með, sem vakti mikla lukku.

„Mikið var gaman að sjá afreksturinn í vor á Vortónleikunum tónskólans í Leikskálum sem nemendur í öllum greinum komu fram á, sungu og spiluðu á ólík hljóðfæri,“ segir Alexandra.

Á þessu skólaári tóku 15 nemendur 1. og 2. stigs nám í söng, píanó, gítar, bassagítar, trommur og tónfræði.

26. maí voru hátíðarleg skólaslit í Tónskólanum með tónlistaratriðum, viðurkenningum og námsstyrkjum.

Þetta skólaár 2024-2025 fé nemendur á leik- og grunnskólaaldri viðurkenningar í öllum deildum og fá inneign í áframhaldandi nám við tónskólann sem nemur 5.000 kr. Þetta ár kemur námstyrkurinn frá tónleikaröðinni Sunnlenskum Tónblæ

- Framtíðartónlistarvön tónlistarskólans - Helena Kalandyk (söngur) (4 – 5 ára)
- Framtíðartónlistarvön tónlistarskólans – Katrín Jóhannsdóttir (píanó) (1.-3. bekk)
- Söngur - Laufey Atladóttir Waagfjörð
- Píanó – Freyja Atladóttir Waagfjörð
- Gítar – Hilmir Blær Jónsson
- Trommur - Ýmir Hrafn Richardt Sveinsson
- Horn - Hilmir Blær Jónsson
- Klarínétt - Laufey Atladóttir Waagfjörð
- Syngjandi alda – Harpa Sóllilja Ólafsdóttir
- Tónfræði - Ingólfur Atlason Waagfjörð



Sunnlenski matgæðingurinn



Ítalskt lasagna

Heiðar Þór Karlsson er matgæðingur vikunnar.



Ég vil byrja á að þakka kauphallarkónginum honum Sindra Frey fyrir áskorunina. Sindri hefur marga fjöruna sopið í eldhúsinu og er hann virkilega skemmtilegur rúsínurétturinn sem hann galdrar fram.

Líkt og hinn ítalski Luca Pacioli, sem fann upp tvíhlíða bókhald, þá hef ég verið að vinna með nákvæmni í minni matargerð enda mjög mikilvægt að fara nákvæmlega eftir uppskriftum og tryggja að allt stemmi í lokin og gefa ekkert eftir þegar heimilismeðlimir reyna að semja í burtu laukinn. Ég var að velta fyrir mér uppskriftum í flokkunum „villibráð“ eða „ítalskt“ og niðurstaðan var að bjóða upp á ítalskan rétt sem er mikið eldaður á mínu heimili, þar að segja lasagna.

- báðum tegundum af lauk (saxaður smátt), kryddið til með salti, pipar og oregano.
- Hellið næst pastasósu yfir hakkið og leyfið að malla við vægan hita á meðan þið útbúið hvítu sósuna.
 - Raðið saman í fat: hakk, lasagnaplötur, hvít sósa, og endurtakið 3x nema setjið svo fjórðu umferðina af hakki eftst og vel af rifnum osti yfir allt saman.
 - Bakið við 180°C í um 30 mínútur og leyfið aðeins að standa áður en þið skerið niður.

Hvít sósa

- 170 g rifinn ostur (mozzarella og cheddar í bland)
- 140 g rjómaostur
- 200 ml nýmjólk
- 1 tsk. salt
- Setjið allt saman í pott og hræði þar til osturinn hefur bráðnað.

Mikilvægt er að fylgja uppskriftinni nákvæmlega og tryggja að öll hráefnin hafi skilað sér ofan í pottana í lokinn. Ekki er verra að notast við tékklista og haka út jafnóðum.

Uppskrift

- 1 kg nautahakk
- 1 laukur
- 2 hvítlausrif
- 900 g pastasósa
- Lasagnaplötur
- Oregana, salt og pipar eftir smekk
- Hvít ostasósa (sjá uppskrift fyrir lengra komna neðar)
- Rifinn ostur (mozzarella og cheddar í bland)

Aðferð

- Steikið hakkið á pönnu ásamt

Ég ætla að skora á harðkjarna Selfyssinginn Tómas Héðin Gunnarsson. Hann er alltaf að bauka eitthvað framandi í eldhúsinu. Hann er einn harðasti Liverpool-maður sem ég þekki og gæti boðið upp á eitthvað rautt.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 956 0673, hronn@dfs.is.

Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Helliðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar



Visnagátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Orðið merkir ís og frosinn snjó, einn í burt er gamalt vesælt hró, þetta er af fuglum gríðar ger, og gælunafn sem Óskar kallinn ber.



Svar við gátu í blaði 2805: **LAUSN**
1. lína: Popp **LAUSN** 2. lína: Synðaaf **LAUSN**
3. lína: Reynslu **LAUSN**



 REIÐHJÓL -20%	 GARÐHÚSGÖGN -22%	 TRAMPÓLÍN OG KÖRFUBOLTASPJÖLD - 25%	 SUMARBLÓM -25%
 HITARAR OG ELDSTÆÐI - 25%	 NAPOLEON GRILL -15%	 EINHELL GARÐ-VERKFÆRI -25%	 ÚTILJÓS - 25%
 HARÐPARKET -20%	 FLÍSAR -20%	 BADPLÖTUR -20%	 LAMPAR -20%
 STAKAR MOTTUR -20%	 LEIKFÖNG -25%	BYKO GERUM ÞETTA SAMAN	

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboð gilda til 16. júní 2025 eða á meðan birgðir endast.

Keppendur frá 27 lö



ndum í Hengil Ultra



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL



Bláskógabyggð, Flóahreppur og Hrunamannahreppur

Samkvæmt 30. og 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Laugarvatn L224243; Nýtt iðnaðarsvæði vegna jarðhita; Aðalskipulagsbreyting - 2505072

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. júní 2025 skipulagslýsingu til kynningar fyrir breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 í þéttbýlinu á Laugarvatni og breytingu á deiliskipulagi fyrir þéttbýlið á Laugarvatni. Norðvestan við Menntaskólann að Laugarvatni hefur verið borað eftir heitu vatni sem sveitarfélagið hyggst nýta. Í breyttu aðalskipulagi verður sett inn nýtt iðnaðarsvæðið fyrir jarðhitavinnslu og heimiluð nýting hans. Stærð svæðis verður að öllum líkindum allt að 1.500 fm. Umrætt svæði er í dag skilgreint sem samfélagsþjónusta. Í deiliskipulagi fyrir Laugarvatn verður afmörkuð lóð fyrir nýtingu jarðhita og settir skilmálar varðandi hana.

2. Langholtsskoti L166796; Landbúnaðarland í frístundabyggð; Aðalskipulagsbreyting - 2403008

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. júní 2025 breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps. Í breytingunni felst að hluti skipulagssvæðisins breytist úr landbúnaðarlandi í frístundasvæði auk þess sem gert er ráð fyrir breytingu og megin reiðleið um svæðið.

Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga:

3. Hrafnheimar L218490 (áður Ásatúnsvallarland); Breyttir byggingarreitir; Deiliskipulagsbreyting - 2504063

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. maí 2025 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Hrafnheimar L218490 (áður Ásatúnsvallarland) í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að byggingarreitur nr. 2 færist um 20 m til suðurs og á honum verður heimilt að reisa 400 fm byggingar í heildina þ.e. hesthús, skemmu og gistirými sem yrði allt að 100 fm af heildarbyggingarmagni reitsins. Einnig færist byggingarreitur nr. 3 suður fyrir aðkomuveg. Einnig eru skilgreindar lóðir utan um byggingarreitina.

4. Sólbrekka L213875 (áður Hnaus land 4); 2 lögbýlislóðir; Deiliskipulag - 2501006

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. júní 2025 að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Sólbrekku L213875 (áður Hnaus land 4) í Flóahreppi. Heildarstærð landsins er um 50 ha. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland en með deiliskipulaginu felst að skilgreindar eru tvær lóðir þar sem fyrirhugað er að reisa m.a. íbúðarhús.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.skipulagsgatt.is/. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is og www.hrunamannahreppur.is. Mál 1 - 2 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 12. júní 2025 með athugasemdarfresti til og með 4. júlí 2025.

Mál 3 - 4 innan auglýsingar er skipulagsmál í auglýsingu frá 12. júní 2025 með athugasemdarfresti til og með 25. júlí 2025.

Athugasemdom og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdom og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangi@utu.is.

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tækni- og Væðingarsviðs Uppsveita

Brautarmet slegin í Mýrdalshlaupinu

Mýrdalshlaupið fór fram í 12. skipti í Vík í Mýrdal 31. maí. Keppt var í 10 km og 21 km hlaupi en auk þess fór fram 3 km skemmtiskokk sem var vel sótt. Veðrið lék við þátttakendur í Vík og var hlaupið ræst í sól og blíðu kl. 11.00 í Víkurfjöru. Hátt í 500 manns voru mættir á rás-línuna, tæplega 200 keppendur í 10 km hlaupinu og tæplega 300 í 21 km hlaupinu. Brautarmet voru slegin í báðum greinum, bæði í karla- og kvennaflokk.

Mikil spennan ríkti fyrir kvennakeppninni í 21 km hlaupinu en Yngvild Kaspersen frá Noregi, ein fremsta utanvegahlaupakona heims mætti til keppni, og búist var við spennandi keppni á milli hennar og Andreu Kolbeinsdóttur okkar fremstu utanvegahlaupakonu. Andrea setti þó fljótlega nokkuð forskot á Yngvild, sem hún bætti síðan í þegar leið á hlaupið og kom fyrst kvenna í mark á tímanum 1.50.32 sem er nýtt brautarmet. Yngvild kom svo önnur í mark á tímanum 1.55.52, sem er líka undir gamla brautarmetinu, og þriðja í keppninni var Elísa Kristinsdóttir á tímanum 1.58.35.

„Mér leið ekkert smá vel í brautinni, og sérstaklega gaman að fá keppinaut erlendis frá. Ég var vel stemmd, en vissi ekki alveg hvaða séns ég átti í að vinna Yngvild, en hún er náttúrulega 3. konan á heimslista ITRA. Þetta spilaðist ekki eins og ég átti von á og fljótlega var ég komin með forskot á Yngvild sem ég síðan jók bara í, en ég mætti auðvitað hungur og þátturinn var lakan árangur í Kaupmannahafnararaboninu og er bara svakalega ánægð með daginn! Ég gaf allt í þetta í dag svo ég var ekki hissa á því að hafa bætt eigið brautarmet,“ sagði Andrea Kolbeins að hlaupi loknu, þar sem hún bætti gamla brautarmetið um sléttar sex mínútur.

Í karlakeppninni ríkti einnig mikil spennan þegar Þorsteinn

Roy Jóhannsson, Halldór Hermann Jónsson og Grétar Örn Guðmundsson urðu hlutskarpastir. Þorsteinn bætti brautarmetið sitt frá því fyrir tveimur árum um réttar fjórar mínútur, en hann kom í mark á tímanum 1.37.56. Næstur á eftir honum kom Halldór Hermann Jónsson á tímanum 1.43.48, og þriðji varð Grétar Örn Guðmundsson á tímanum 1.46.08.

„Ég var í stuði í dag og leið vel á hárrí ákefð. Brautin er svo skemmtileg og breytileg að maður fær ekki leið á neinum kafla og er skælbrosandi allan tímann. Mér leið vel og það gekk allt upp í dag. Ég bjóst alveg við að geta bætt brautarmetið um þrjár mínútur, ég vissi að ég hafði það í mér, en ég vissi náttúrulega ekki hvaða keppni ég myndi fá í hlaupinu, eða hversu nálægt næstu menn yrðu. Ég var ekkert að fylgjast með tímanum, mér leið bara vel og leyfði mér að njóta í augnablikinu,“ sagði Þorsteinn Roy Jóhannsson ánægður með dagsverkið.

Keppnin í 10 km hlaupinu var að sama skapi jöfn og spennandi. Í karlaflokk var Gestur Daníelsson hlutskarpastur, hljóp á tímanum 41.06 og bætti brautarmet Sigurjóns Ernis frá því í fyrra um 17 sekúndur. Í öðru sæti varð Sindri Georgsson á tímanum 43.29, og í þriðja sæti varð Luis Rubio á tímanum 45.52.

Í kvennaflokk var það Íris Dóra Snorradóttir sem vann og sló brautarmet, á tímanum 47.26, í öðru sæti varð Birna María Másdóttir á tímanum 47.51 og í þriðja sæti varð Þorgerður Gyða Ásmundsdóttir á tímanum 56.19. Íris Dóra átti brautarmetið 2023, en Sonja Sif bætti það um níu sekúndur árið 2024, en í dag náði Íris Dóra metinu aftur. „Mér leið vel í hlaupinu, ég keppti aðallega á braut svo mér leið best á flötu köflunum og hækkinum var svo-



lítið erfiðari, en ég stóð mig bara virkilega vel. Ég bætti mig um sex mínútur síðan ég var hérna fyrir tveimur árum, ég vissi ekki alveg við hverju ég ætti að búast, en markmiðið var alltaf að ná brautarmetinu. Þetta var virkilega góð reynsla,“ sagði Íris Dóra sem kom gríðarlega sterk til leiks í dag.

3 km skemmtiskokkið var vel sótt og þar tóku hlauparar á öllum aldri þátt.

Hlaupið hefur skipað sér sess sem eitt vinsælasta og erfiðasta utanvegahlaup landsins og í ár var sýnt beint frá hlaupinu á Youtube-síðu hlaupsins. Þeir Snorri Björnsson og Guðlaugur Ari Jónsson lýstu keppninni af sinni alkunnu sníll en fjölmargir myndatökumenn voru í brautinni og fylgdu fyrstu keppendum í 21 km hlaupinu eftir.

Framkvæmd hlaupsins gekk vel og öll umgjörð hlaupsins var til fyrirmyndar. Hlaupið er skipulagt og haldið af sjálfbærliðum í góðgerðarskyni og eru ýmis félagsamtök sem njóta góðs af framkvæmd hlaupsins, meðal annars Ungmennafélagið Katla, Jaðarsportklúbburinn Víkursport, Björgunarsveitin Víkverji og Kvenfélagið Ljósbrá. Verslunin Eirberg er helsti samstarfs- og styrktaraðili Mýrdalshlaupsins og fengu allir verðlaunahafar hlaupsins vinnu-inga frá Eirberg.



Ljósmyndir: Páll Jökull Pétursson.

Draumurinn hefur alltaf verið að stofna fjölskyldufyrirtæki

Feðgarnir Steinn Ingi Árnason og Birgir Bjarnaldson stofnuðu nýverið sláttuvélaþjónustuna SBA þjónusta. Þeir stefna á að slá garða í heima-húsum á Stokkseyri, Eyrarbakka, Þorlákshöfn, Hveragerði og Selfossi í sumar.

Birgir, sem er einungis 14 ára, fermdist í vor og vildi fjárfesta fermingarpeningunum sínum öðruvísi en að setja hann inn á bankabók þar sem hann ávaxtar sér hægt. „Það hefur blundað lengi í mér að stofna sláttuþjónustu og við höfum rætt það áður að fara í garðslátt saman þannig að ég spurði hann hvort hann langaði að fara í þetta með mér og hann sló til svo við skelltum okkur út í djúpu laugina,“ segir Steinn Ingi, faðir Birgis, í samtali við Dagskrána.

Steinn segir að þeim feðgum hafi fundist þetta frábær leið til þess að geta eytt meiri tíma saman í sumarfríinu, kenna drengnum að vinna og gildin í því að vinna fyrir peningnum sínum sjálfur. „Draumurinn hefur alltaf verið að stofna fjölskyldufyrirtæki og núna var rétti tíminn til þess,“ segir Steinn.



„Ég vann í garðslætti nokkur sumur í röð á Hólmavík þegar ég var í kringum tvítugt. Birgir er að stíga sín fyrstu skref í þessu en hann er með góðan kennara þó að ég segi sjálfur frá,“ segir Steinn.

Birgir hefur mjög gaman af slættinum og er spenntur fyrir sumrinu. „Honum er búið að finnast undirbúningurinn mjög skemmtilegur og ég er búinn að leyfa honum að vera með mér í öllu sem tengist slættinum, t.d. í því hvað þarf að kaupa og hvaða tæki við ætlum að eignast í framtíðinni,“ segir Steinn. Steinn segir Birgi hafa lært

mikið á rekstrinum. „Hann hefur t.d. fengið grunnþekkingu í því hvað býr að fyrir-tækjarekstri. Ég er búinn að kenna honum hvernig virðis-aukaskattur virkar og að hverju þurfi að huga þegar farið er af stað með rekstur.“

Feðgarnir eru með allsherjar-sláttuþjónustu í heimahúsum.

„Við mætum með allar græjur, sláum grasið með sláttuvél og sláttuorf, rökum grasið og tökum það með okkur í lok verksins og skilum garðinum snyrtilegum og tilbúnum fyrir kunnann að skella sér beint í sólbað þegar við erum farnir. Við erum með verðskrá á Facebook-síðunni okkar SBA þjónusta þar sem verðin okkar eru tengd fermetrafjölda og innifalið í því er VSK, keyrsla til og frá verkstað og losunin en við bjóðum líka upp á lægra verð án losunar.“

Feðgarnir sjá fyrir sér að halda þjónustunni áfram um ókomin ár þar sem hún sé svo skemmtileg.

Hægt er að panta þjónustuna í síma 781-8148, á netfangið sbathjonusta@gmail.com og á Facebook-síðunni SBA þjónusta.

EHH



Ný bók um þéttbýlisbyggð og horfin hús á Eyrarbakka

Bókin Eyrarbakki - Byggð í mótn - Horfin hús 1878–1960 er komin út. Höfundar hennar eru Inga Lára Baldvinsdóttir og Magnús Karel Hannesson.

Í bókinni er varpað ljósi á þróun þéttbýlis á Eyrarbakka á tímabilinu en ætla má að um 300 hús hafi staðið um lengri eða skemmri tíma á Bakkanum á árunum 1878–1960 en aðeins um 120 þeirra standa enn. Bókinni er skipt upp í þrjá inn-gangskafla, um þróun þéttbýlis á Eyrarbakka, húsgerðir eftir byggingarefnum og um útihús sem voru forsenda afkomu íbúanna til lands og sjávar. Síðan er fjallað um hvert og eitt þeirra

187 húsa sem horfin eru frá þessu tímabili og heimildir eru til um, líftíma þeirra, viðbyggingar og efnivið. Í inngangskafli að húsaskránni er farið yfir þær heimildir sem skráin byggir á.



Bókin er ríkulega myndskreytt en í henni eru birtar á þriðja hundrað ljósmyndir og um 50 tilgátuteikningar. Þeim er ætlað að gefa lesendum gleggri mynd af blómaskeiði þessa sögufræga verslunarstaðar Suðurlands og húsakostinum sem er til umfjöllunar.

Margir koma við sögu í bókinni, en um 760 nöfn karla og kvenna, auk félagasamtaka, stofnana og báta er getið í henni. Bókin er innbundin í stóru broti og er 292 blaðsíður. Útgefandi er Laugabúð ehf. og bókin verður til sölu í samnefndri verslun á Eyrarbakka í sumar.



Kynntu þér nýja kynslóð heyrnatækja

Verðum á Selfossi
Heyrnamælingar fyrir 18 ára og eldri,
þjónusta og stillingar á heyrnatækjum.

fimmtudaginn 19. júní 2025

TÍMAPANTANIR 534-9600

534-9600 www.heyirn.is Hlíðasmára 19, 2. hæð, 201 Kópavogur

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Í samræmi við 41 og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi deiliskipulagsbreyting:

Austurvegur 61-63 - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 4.6.2025 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Austurvegur 61-63 á Selfossi. Tillagan gerir ráð fyrir að núverandi byggingar á lóðunum Austurvegur 61-63 verði rifnar og lóðirnar sameinaðar í eina lóð. Breytingin á gildandi deiliskipulagi felur í sér stækkun á byggingarreit til norðurs og austurs, auk þess sem heildarnýtingarhlutfall er aukið um 0,1, úr 1,7 í 1.8. Gert er ráð fyrir byggingu á 3 hæða fjölbýlishúsi ásamt bílakjallara. Fjöldi íbúða verður allt að 21. Tillagan gerir ráð fyrir 17 bílastæðum í kjallara, og 4 ofanjarðar. Aðkoma er frá Heiðmörk.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til auglýsingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á www.skipulagsgatt.is

Skipulagstillagan er í auglýsingu frá 12. júní 2025, til og með 25. júlí 2025.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67 á Selfossi.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 25. júlí 2025.

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæraneleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opíð húsÞriðjud. kl. 14-16
Unga fólkið 18 til 45 áraMiðvikudaga kl. 11-14
Opíð húsFimmtudaga kl. 11-14
UpprekjurFöstudaga kl. 11-14
Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í annan tíma ef þessir tíma henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga kl. 10:30. Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLANDBókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlunJákvæðar
hugsanir
breyta deginumRagnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.isCand.mag. í þróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsumdardi,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.Við prentum
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun
í öllum algengustu
ljósmyndastærðunumSENDUM
HVERT Á LAND
SEM ERViðurkenningar veittar á árshátíð
Markaðsstofu Suðurlands

Ferðaðþjónustan á Suðurlandi er í miklum blóma og áttu fulltrúar hennar saman góða stund á árshátíð Markaðsstofu Suðurlands sem var haldin á Hótel Geysi á dögum. Á viðburðinum er fastur liður að veita árlegar viðurkenningar fyrir Sprotta ársins annars vegar og hins vegar fyrir áralangt framlag til ferðaðþjónustunnar á Suðurlandi. Að þessu sinni voru aðilar sammála um að veita Faxa Bakery viðurkenningu sem Sprotti ársins, en bakarið hefur undanfarin tvö ár glatt ferðalanga á Suðurlandinu með matarmiklum súpum, heimagerðu bakkelsi og góðu kaffi undir Eyjafjöllum. Upphaf starfseminnar má rekja til þess að Nikolett og Joseph, sem komu upphaflega til landsins til að starfa í ferðaðþjónustu, nýttu frítímamann sem skapaðist í Covid til að sinna nýjasta áhugamáli sínu sem var bakstur. Eftir að hafa þróað fagið lengra bauðst þeim hentugt húsnæði og opnuðu kaffihús og bakarí. Reyndist það mikið heillaspor og fá þau einstakt lof fyrir góða þjónustu og frábærar veitingar í ummælum frá gestum sínum. Hafa þau sýnt að með fagmennsku, metnaði og hlýleika er hægt að byggja upp öflugt fyrirtæki í sveit sem eykur

við jákvæða upplifun gesta okkar sem sækja Suðurlandið heim.

Viðurkenningu fyrir framlag til ferðaðþjónustu hlaut fyrirtækið Örafæferðir – frá fjöru til fjalla sem rekið er af hjónunum Einari Rúnari Sigurðssyni og Matthildi Unni Þorsteinsdóttur í Hofsnesi. Einar hóf að leiðsega ferðamönnum á Vatnajökli árið 1994, en fjórum árum fyrir það hafði Sigurður Bjarnason, pabbi Einars, byrjað að fara með ferðamenn á heivagni í fugla- og söguferðir í Ingólfrshöfða. Voru þeir báðir frumkvöðlar á sínu sviði sem ruddu veginn fyrir hina

myndarlegu uppbyggingu sem átt hefur sér stað í ferðaðþjónustu í Örafasveit. Er við hæfi að minnst á að langafi Einars, Páll Einarsson, var árið 1891 fyrsti maðurinn til að klífa Hvannadalshnúk og þá til að fylgja erlendum ferðamanni á toppinn, en ferðirnar hans Einars á hnúkinn eru nú vel yfir 300 talsins. Á hann þar með heimsmet hvað það varðar. Á þessum sterku stoðum hefur fyrirtæki þeirra byggst upp og taka afkomendur þeirra Einars og Matthildar nú virkan þátt í starfseminni.



Ragnhildur framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands afhendir þeim Matthildi og Einari hjá Örafæferðum viðurkenningu fyrir áralangt framlag sitt til ferðaðþjónustu á Suðurlandi.



Nikolett og Joseph hjá Faxi Bakery taka við viðurkenningu fyrir Sprotta ársins.

Hamar-Þór spilar í
Bónusdeildinni á næsta tímabili

Sameiginlegt lið Hamars og Þórs í körfubolta hefur fengið boð til að taka þátt í Bónusdeild kvenna í körfubolta á næsta tímabili. Liðið spilaði í deild þeirra bestu á síðastliðnu tímabili en féllu eftir harða baráttu um að halda sæti sínu í deildinni.

Ástæðan fyrir því að liðið fékk boð um að spila í efstu deild er sú að á dögum bárust fréttir af því að Þór á Akureyri hafi ákveðið að draga lið sitt úr keppni í Bónusdeildinni og skrá liðið í staðinn í 1. deild á næsta tímabili.

„Stjórn félagsins hefur rætt boðið og rætt við leikmenn og niðurstaða stjórnar var sú að þiggja boðið og vera með lið í Bónusdeildinni á komandi tímabili. Þetta er ánægjuleg niðurstaða fyrir Hamar-Þór en um leið mikil áskorun fyrir ungt lið í uppbyggingarstarfi,“ segir í tilkynningu á Facebook-síðu liðsins.

„Er það von allra sem að liðinu standa að Sunnlendingar allir séu sátir við niðurstöðuna og styðji liðið og starfið í baráttunni framundan líkt og hingað til.“



Ljósmynd: Jón Gautur Hannesson.

KIRKJUR

Laugadælakirkja

Messa klukkan 14:00, sunnudaginn 15. júní. Organisti verður Guðmundur Eiríksson og söngfólkið leiðir sönginn. Prestur verður Gunnar Jóhannesson.

Stóra-Núpsókn:

Útíguðþjónusta í Steinsholti sunnudaginn 15. júní kl. 11. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur organista. Verið öll hjartanlega velkomin!

Sunnudagur 15. júní:

Skálholtsdómkirkja

Sumarleg messa kl. 11 en dagurinn er þrenningaráttíð táknaður með lilju. Organisti Jón Bjarnason. Almennur söngur. Sr. Kristján Björnsson, vígslubiskup, prédikar og þjónar fyrir altari.

Þingvallakirkja

Messa kl. 14. Organisti er Jón Bjarnason. Ferming. Sr. Kristján Björnsson þjónar fyrir altari ásamt Bergþóru Ragnarsdóttur, djákna, sem einnig leiðir almennar sálmasöng.

Þjóðhátíðardagurinn 17. júní:

Torfastaðakirkja:

Guðsþjónusta kl. 13 í tengslum við hátíðardagskrá í Reykholti. Jón Bjarnason, organisti. Bergþóra Ragnarsdóttir, djákni, þjónar fyrir altari og flytur hugveku.

Þingvallakirkja:

Hátíðarmessa kl. 14. Organisti ákveðinn síðar. Sr. Kristján Björnsson, þjónar fyrir altari og prédikar.

Fengu 60 þúsund krónur fyrir málverkin sín

Leikskólinn Krakkaborg þakkar öllum gestum sem komu á opna húsið og á Fjör í Flóa kærlega fyrir komuna, og sérstakar þakkar til þeirra sem tóku þátt í uppboði á sameiginlegum listaverkum sem allir nemendur skólans komu að og

voru boðin upp á hátíðinni. Hugmyndin var að safna með þessum hætti fyrir kaupum á nýjum bókum í bókasafn leikskólans því eins og alþjóð veit er lestur, að lesa fyrir og að lesa með börnum, ein besta leið til málörvunar og þjálfunar fyrir

lestraráhuga og læsi síðar meir. Gaman er að segja frá því að samtals fengust sextíu þúsund krónur fyrir málverkin. Nú verður aldeilis gaman hjá okkur að lesa nýju bækurnar.

Leikskólinn Krakkaborg



29 vinnustaðir á HSK-svæðinu tóku þátt í Hjólað í vinnuna

Heilsu- og hvatningarverk-
hefninu Hjólað í vinnuna, sem stóð yfir í þrjár vikur í vor, er lokið og fór verðlaunaafhending fram í húsakynnum ÍSÍ 2. júní sl.
Hjólað í vinnuna er fyrir marga vorboðinn ljúfi og gott merki þess að sumarið sé á næsta leiti. Meginmarkmið verkefnisins er að þátttakendur hugi að daglegri hreyfingu og nýti til þess virkan ferðamáta til og frá vinnu, en það er einfaldasta leiðin til að auka hreyfingu í daglegu lífi.
Með þessu verkefni vill íþróttahreyfingin bjóða upp á verkefni sem hvetur til hreyfingar en á sama tíma er sjálfbært og jákvætt fyrir umhverfið. Verkefnið skiptir marga vinnustaði og skóla máli og er stór þáttur í að byggja upp góðan starfsanda

og þjappa starfsfólki saman. Eins og undanfarin ár er keppt um fjölda þátttökudaga, en lið geta einnig skráð sig sérstaklega í kílómetrakeppnina þar sem keppt er um bæði heildarfjölda kílómetra og hlutfall kílómetra miðað við heildarfjölda starfsmanna.
4.346 virkir þátttakendur frá 330 vinnustöðum tóku þátt í verkefninu í ár og hjóluðu þeir samtals 297.450 km sem sam-

svarar 222 hringjum í kringum landið. 29 vinnustaðir úr sjö sveitarfélögum á HSK-svæðinu tóku þátt. Efnalaug Suðurlands, sem hefur margt tekið þátt, varð í öðru sæti í keppni vinnustaða með 3-9 starfsmenn.
Nokkrir leikir voru í gangi meðan á áttinu stóð og veglegir vinningar voru í boði. Vinningshafa má finna á heimasíðu Hjólað í vinnuna, www.hjoladi-vinnuna.is.



Perla og Hannes handboltaleikmenn ársins

Líf og fjör var þegar hand-
knattleiksdeild Selfoss gerði upp liðið tímabil í maíblíðunni í Hvíta Húsinu. Dagskráin var með hefðbundnu sniði, bongó-blíða, hinn laufflétti Ingvar Örn Ákason stýrði partýinu. Verðlaun og viðurkenningar voru veitt, glæsilegt steikarhlaðborð frá Hvíta Húsinu, skemmtidagskrá meistaraflokks karla, happdrætti, uppboð og kvöldinu svo lokað með trúbadornum Hlyni Héðins.
Heiðurshjónin Eva Hrönn Jónsdóttir og Þorsteinn Þór Eyvindsson voru útnefnd félagi ársins og munu því varðveita Hildarbikarinn næsta árið. Þau hafa unnið baki brotnu á svo til öllum heimaleikjum mfl. kvenna og karla, mætt á öll yngri flokkamót og ýmsar fjáraflanir. Þá er sjaldgæft að komast á útileik hjá Selfossliði þar sem þau eru ekki mætt. Eins og formaður handknattleiksdeildar kom inn á í ræðu sinni á lokahöfinu, þá væri útilokað að halda út öflugu starfi í íþróttalífina á Íslandi án sjálfböðaliðans. Því er fólk eins og Eva og Steini ómetanlegt fyrir hvaða félag sem er.
Því næst mætti Helgi Haraldsson formaður Ungmennafélags Selfoss á lokahófið, þar sæmði hann Árna Þór Grétarssyni silfurmerki Ungmennafélagsins fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Árni hefur verið vægt

til orða tekið vel virkur í starfi handknattleiksdeildarinnar um árabíl, farið yfir sjó og heiðar með handboltafólki á ýmsum aldri, starfað á heimaleikjum og svo væri hægt að halda áfram. Máttur sjálfböðaliðans er öllum félögum ómetanlegur.
Ár hvert eru einstaklingsverðlaun veitt. Hér eru verðlaunahafar lokahófs hkd:

U-lið
Markakóngur - Hákon Garri Gestsson, 98 mörk
Leikmaður ársins - Skarphéðinn Steinn Sveinsson

Meistaraflokkur kvenna
Markadrottning - Perla Ruth Albertsdóttir, 118 mörk
Sóknarmaður ársins - Harpa Valey Gylfadóttir
Varnarmaður ársins - Hulda Dís Þrastardóttir
Efnilegasti leikmaðurinn - Ágústa Tanja Jóhannsdóttir



Perla Ruth Albertsdóttir er leikmaður ársins hjá konum.

Baráttubikarinn
- Katla María Magnúsdóttir
Leikmaður ársins
- Perla Ruth Albertsdóttir

Meistaraflokkur karla
Markakóngur - Hannes Höskuldsson, 135 mörk
Sóknarmaður ársins - Sölvi Svavarsson
Varnarmaður ársins - Valdimar Örn Ingvarsson
Efnilegasti leikmaðurinn - Jónas Karl Gunnlaugsson
Baráttubikarinn - Tryggvi Sigurberg Traustason
Leikmaður ársins - Hannes Höskuldsson

Leikjaviðurkenningar
Hulda Dís Þrastardóttir, 200 leikir
Guðjón Baldur Ómarsson, 200 leikir
Elvar Elí Hallgrímsson, 100 leikir



Hannes Höskuldsson er leikmaður ársins hjá körlum.

Auglýsing um skipulag



Eftirtaldar skipulagstillögur eru auglýstar skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru til umsagnar í skipulagsgátt og er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar þar.

Hvoll í Ölfusi- Nýtt deiliskipulag

Lagt er fram nýtt deiliskipulag fyrir jörðina Hvoll í Ölfusi. Í breytingunni felst að jörðinni er skipt upp í tvær jarðir, Arnarhvoll og Arnarhvoll II. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir byggingu íbúðarhúsa, skemmu og gestahúsa.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 2. júní 2025.

Þorkelsgerði 2c - Nýtt deiliskipulag

Skipulagið hefur áður verið auglýst en féll úr gildi þar sem ár var liðið frá lokum umsagnarfrests. Til stendur að skipta landinu upp í 4 lóðir, þar af eina lóð fyrir íbúðarhús og 3 lóðir undir frístundahús.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 2. júní 2025.

Útvíkkun þéttbýlismarka Þorlákshafnar - ASKbr

Lögð er fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Ölfuss. Breytingin felst í að þéttbýlismörk Þorlákshafnar eru stækkuð til vesturs þannig að þau nái út fyrir iðnaðarsvæði á Sandi og fiskeldi meðfram ströndinni.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 2. júní 2025.

Skipulagstillögurnar eru til umsagnar á Skipulagsgáttinni á www.skipulagsgatt.is til og með **24. júlí 2025**. Til að finna ákveðið mál skal smella á „Leita að máli“ og slá inn nafn málsins í leitarreitinn.

Á Skipulagsgáttinni er hægt að:

- Skoða allar upplýsingar og gögn sem tengjast málinu
- Leggja fram athugasemdir
- Lesa þær athugasemdir sem aðrir hafa sent inn

Ef hakað er við „Vakta mál“ á tilteknu máli, fær viðkomandi tilkynningu í tölvupósti í hvert skipti sem breyting verður á málinu.

Þá er einnig hægt að nálgast upplýsingar eða gögn á Bæjarskrifstofu Ölfus, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, með því að senda fyrirspurn á skipulag@olfus.is eða hafa samband við bæjarskrifstofuna í síma 480 3800.

Sigurður Steinar Ásgeirsson

Skrifstofu- og verkefnastjóri
Umhverfis- og framkvæmdasvið



Hrafnhildur Inga á Kvoslæk

Gleðistund verður á Kvoslæk í Fljótshlíð, laugardaginn 14. júní klukkan 15:00, þegar Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir listmálari frá Vestur-Sámsstöðum, nú búsett á Sámsstaðabakka í Fljótshlíð, kynnis listköpun sína undir fyrirsögninni: Frá haga-hliðinu.

Þetta er 14. sumarið sem heimilisfólkið á Kvoslæk, Rut Ingólfssdóttir og Björn Bjarnason, bjóða til menningarviðburða í Hliðunni hjá sér. Að þessu sinni verða viðburðirnir fimm og er Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir fyrsti listamaðurinn sem kemur fram í sumar.

Hrafnhildur Inga fæddist 19. mars 1946 að Vestur-Sámsstöðum í Fljótshlíð og ólst þar upp. Hún hefur lengst af búið á höfuðborgarsvæðinu en hefur snúið á heimaslóðir á ný og býr nú jöfnum höndum í Garðabæ og á Sámsstaðabakka í Fljótshlíð við bakka Bverár. Hún stundaði myndlistarnám við Myndlistarskóla Reykjavíkur 1978 og 1979, Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Listaháskóla Íslands 1980-1984 og lauk þaðan prófi í grafískri hönnun. Árin 1999-

2000 bætti hún við sig námi í olíumálun í Myndlistarskóla Kópavogs.

Hrafnhildur Inga hefur eingöngu verið við myndlist undanfarin 25 ár. Hún heldur reglulega einkasýningar í Gallerí Fold auk einkasýninga víðar, m.a. í Hafnarborg árið 2007, Artóteki 2012 og í Vínarborg 2024. Hún hefur tekið þátt í fjölmörgum samsýningum og listamessum víða um heim.

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

Beinskiptur / Sjálfskiptur bíll



**Stíflubjónusta
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919

stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

**Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.**

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf

Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

**NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR**

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.tris.is

**LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI**

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR

S: 692-2575

800 SMÍÐI ehf.

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM



LAGNIR

**ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002

800lagnir@800lagnir.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi

Viðgerðir · Þjónusta

Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

**FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL**

848 0964 899 0979

GÍSLI

ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR

Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

stiflulosun.is

- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþrær
- Fitugildrur
- Sandgildrur
- Skólphreinsistöðvar
- Holræsaheinsun

510-1180 / 669-8441

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala

482 2311 696 2311

Skrifstofa

Þjónustusími



NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is



Fæst hjá
BYKO Selfossi



ÖKULAND

Endurmenntun
atvinnubílstjóra

Akstursþjálfun

Meirapróf

okuland.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is